

Fundur í skólaráði þann 8.12. 2016.

Mættir eru: Hólmfríður María Hauksdóttir fulltrúi foreldra, Hugrún Dögg Harðardóttir fulltrúi foreldra, Sigurður Arnarson fulltrúi kennara, Helga Lyngdal Þorsteinsdóttir fulltrúi kennara, Elísabet Kristjánsdóttir fulltrúi nemenda, Emilía Kolka Ingvarsdóttir fulltrúi nemenda, Svava Svavarsdóttir ritari, fulltrúi starfsmanna, Marías B. Kristjánsson deildarstjóri, Anna Bergrós Arnarsdóttir deildarstóri og Ólöf Inga Andrésdóttir skólastjóri.

Dagskrá:

1. Ólöf skólastjóri greindi frá því að búið er að ganga frá kaupum á 55 skólaborðum og 90 skápum á unglíngang. Þessi búnaður kemur eftir áramótin.

Hún greindi einnig frá því að skipulagsnefnd hafnaði öllum tillögum sem komu með breytta aðkomu að skólanum. Hugmyndin sem kom frá skipulagsnefnd var að bannað vinstri beygju þegar farið er frá skólanum. Þeir sem koma að skólanum, þurfa því að koma úr norðri og beygja til suðurs þegar farið er út af skólalóðinni.

2. Skólapúlsinn – niðurstöður. Anna Bergrós kynnti niðurstöður úr nemendakönnun 2016-2017. Niðurstöður sýna m.a. að nemendur Síðuskóla hafa meiri ánægju af lestri en áður, þrautseigja nemenda er að aukast, áhugi á stærðfræði eykst, trú á eigin vinnubrögð ekyst. Skólinn er þó undir landsmeðaltali í þessum þáttum. Fleiri þættir skoðaðir og ræddir. Varðandi nánari skoðun á niðurstöðum þessarar könnunar er bent á heimasíðu skólans, siduskoli.is Rætt um að rýna nánar í þessa tvo þætti í skýrslunni, þrautseigju í námi og trú á eigin getu, með það að markmiði að auka þessa þætti hjá nemendum

3. Skýrslan Ungt fólk var kom nýlega út og var send út með fundarboðinu. Það sem er sérstaklega umhugsunarvert er hversu lítið nemendur sofa. Í skýrslunni er mælt með að unglíngar sofi um það bil 10 klukkustundir á nóttu en raunin er sú að innan við 10% barna sofa 9 klukkustundir eða meira. Rætt um mikilvæg svefns og hversu mikið t.d. skjátími unglínginga hefur aukist að undanförunu. M.a. kom fram að fagaðilar bendi á að skjátími á dag eigi ekki að fara yfir 2 klst. Annað sem kemur fram í skýrslunni er að stelpur skora mun hærra á þunglyndiskvarðanum í ár en þær gerðu 2012. Strákar skora örlítið hærra en fyrir fjórum árum.

Önnur mál.

Fulltrúi foreldra spurði hvar starfsmenn skólans sem reykja, geri það. Ólöf svaraði því til að þeir sem reykja fara út af lóðinni á bíl, eða fara heim til sín í matartímum til þess að reykja.

Fulltrúi kennara vakti athygli á og sýndi mynd sem sýnir útgjöld ýmissa þjóða til skólamála sem hlutfall af Vergri landsframleiðslu. Þar kemur fram að útgjöld til menntamála í Íslandi, að teknu tilliti til aldursdreifingu þjóðarinnar, er lág meðal OECD ríkjanna. Sjá nánar

<https://notendur.hi.is/gylfason/sld094.htm>

Fleira ekki gert,

fundi slitið kl. 16:00.

Marías Ben. Kristjánsson